

Umhverfisstofnun  
Suðurlandsbraut 24  
108 Reykjavík

Reykjavík, 7. apríl 2021

**Efni: Athugasemdir í tilefni af tillögu að starfsleyfi fyrir Háafell ehf. til sjókvíaeldis á samtals 6.800 tonna hámarkslífmassa af laxfiskum í Ísafjarðardjúpi**

Vísað er til tillögu Umhverfisstofnunar að starfsleyfi fyrir Háafell ehf. til sjókvíaeldis á samtals 6.800 tonna hámarkslífmassa af laxfiskum í Ísafjarðardjúpi sem auglýst var 9. mars sl. Eftirfarandi athugasemdum við hina auglýstu tillögu er hér með komið á framfæri við stofnunina:

1. Ekki verður séð að matsskýrsla umsækjanda frá 2020 hafi verið auglýst á nýjan leik í samræmi við 3. mgr. 11. gr. laga nr. 106/2000 þrátt fyrir að þar sé vikið frá þeim forsendum sem lagðar voru til grundvallar í frummatsskýrslu frá 2016 bæði hvað varðar staðsetningu og fjölda eldissvæða og notkun á ófrjóum laxi. Þessi annmarki er verulegri í ljósi þess að auglýst frummatsskýrsla hafði ekki að geyma neina greinargerð á raunhæfum valkostum, sbr. nú 3. mgr. 9. gr. laga nr. 106/2000, þ.m.t. varðandi staðsetningu eldissvæða og frjósemi eldisfisks. Sú valkostagreining sem fram kemur í endanlegri matsskýrslu, sbr. kafla 1.6 í matsskýrslu, hefur því ekki sætt málsmeðferð samkvæmt 2. mgr. 10. gr. laga nr. 106/2000.
2. Ekki verður séð að endanleg matsskýrsla umsækjanda hafi að geyma fullnægjandi valkostagreiningu. Þótt tilgreining valkosta í skýrslunni, sbr. kafla 1.6, sé til fyrirmynnar skortir umfjöllun um þá valkosti sem þar eru nefndir til sögunnar og forsendur fyrir þeim ályktunum sem dregnar eru um raunhæfni þeirra. Öndvert við þessar ályktanir gefa þær upplýsingar sem fram koma í matsskýrslunni tilefni til að ætla að landeldi, eldi í lokuðum sjókvíum og eldi á ófrjóum laxi séu allt raunhæfir valkostir við hina fyrirhuguðu framkvæmd. Þá skortir á að bornir séu saman í skýrslunni ólíkir valkostir staðsetningar framkvæmdarinnar m.a. með tilliti til áhrifa á villta laxastofna, en í matsskýrslunni er vísað til þess að metin staðsetning taki mið af áhættumati erfðablöndunar án þess að lagt sé mat á ólika valkosti í þeim efnum.
3. Ekki verður séð að áhættumat erfðablöndunar eða burðarþolsmat, sem vísað er til í matsskýrslu umsækjanda, áliti Skipulagsstofnunar og í hinni auglýstu tillögu, hafi sætt málsmeðferð samkvæmt lögum nr. 105/2006 eða ákvörðun Skipulagsstofnunar um matsskyldu á grundvelli þeirra laga.
4. Ekki verður séð að efni hinnar auglýstu tillögu sé í samræmi við álit Skipulagsstofnunar, sbr. 2. mgr. 13. gr. laga nr. 106/2000. Þannig verður ekki séð að tillagan uppfylli öll þau skilyrði sem tilgreind eru í sjö liðum í niðurstöðukafla álitsins á bls. 39, þ.m.t. skilyrði um

# MAGNA

skýr viðmið um ástand botnsdýralífs og fyrirliggjandi rannsókn á því á eldissvæðum fyrir útgáfu starfsleyfis.

5. Ekki verður nægilega ráðið að hin auglýsta tillaga sé að efni til í samræmi við lög nr. 7/1998. Þannig verður ekki ráðið að efni hennar uppfylli að öllu leyti kröfur 9. gr. laganna þannig að tryggt sé að fyrirhuguð atvinnustarfsemi verði í samræmi við 38. gr. sömu laga.

Samkvæmt framanröktu verður hvorki séð af hinni auglýstu tillögu að undirbúningur hennar uppfylli þær kröfur sem leiða af lögum nr. 105/2006 og 106/2000 né að efni hennar sé í samræmi við ákvæði laga nr. 7/1998. Af því leiðir einnig að ekki verður séð af hinni auglýstu tillögu að undirbúningur hennar uppfylli kröfur 10. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993 né að efni hennar samrýmist 12. gr. þeirra laga eða ákvæðum II. kafla laga nr. 60/2013.

Virðingarfyllst,  
f.h. Náttúruverndarsamtaka Íslands,  
Náttúruverndarfélagsins Laxinn lifi og  
Árna Árdal Ólafssonar,



Diljá Catherine Þiðriksdóttir lögmaður  
f.h. Flóka Ásgeirssonar lögmanns